

Fundur í Fjallskilastjórn Víðdælinga

haldinn á Litlu – Ásgeirsá 16. apríl 2010 kl. 20:30.

Formaður Sigtryggur Sigurvaldason setti fund og stjórnaði. Júlíus Guðni Antonsson skrifaði fundargerð.

1. Erindi frá sveitarstjórn í bréfi dags. 22. mars 2010 varðandi það að fjallskilastjórnir veiti sveitarstjórn umsagnir um óskir um uppsetningu skothúsa. Á grundvelli þess er óskað umsagnar um ósk Kristófers Jóhannessonar um leyfi til útburðar fyrir tófu sunnan við Bergá fyrir framan Hrappsstaði. Stefán Grétarsson gerir athugasemd við ósk Kristófers í tölvupósti til sveitarstjóra. Fjallskilastjórn Víðdælinga mælir ekki með því að Kristófer verði veitt leyfi til útburðar fyrir tófu á viðkomandi stað að svo komnu m.t.t. þess að Stefán Grétarsson hefur aðstöðu til veiða á tófu í næsta nágrenni. Fjallskilastjórn sér ekkert því til fyrirstöðu að málið verði tekið upp að nýju næsta vetur sinni Stefán ekki veiðum í sinni aðstöðu.
2. Erindi frá sveitarstjóra í bréfi dags. 3. febrúar 2010 varðandi fjárframlög fyrir 2010 til verkefna sem fjallskilastjórn hefur umsjón með:
Víðidalstungurétt kr. 400.000,-
Fellaskáli, hestahólf o.fl. kr. 200.000,-
Haugakv.skáli, viðhald kr. 100.000,-
aðrir skálar, ýmisl. viðhald kr. 100.000,-
Fyrir liggur framlag til heiðargirðinga v/Víðidalstunguheiði kr. 615.000,-
3. Formaður kynnti vinnu Umhverfisstofnunnar, Landmælinga Íslands og Vegagerðarinnar varðandi merkingar vegslóða á miðhálandinu, eins erindi frá L.H. varðandi ósk þess um að sveitarfélög skerði ekki eða taki af reiðleiðir.
4. Formaður fór yfir sundurliðun kostnaðar v/fjallskila 2009. Heildargjöld kr. 2.016.252,- heildartekjur kr. 2.101.688,- þ.e. hagnaður af rekstri kr. 85.436,-
5. Auglýstur hefur verið almennur fundur með félögum í fjallskiladeild Víðdælinga mánudagskvöldið 19. apríl nk. kl. 21:00.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Júlíus Guðni Antonsson(sign.),
Kristín Guðmundsdóttir(sign.).

Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),